

**42. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands,
haldinn 10. september 1996, kl. 10.00, í Kirkjuferjuháleigu.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson,
Þorvarður Hjaltason og Arnar Árnason.

Dagskrá

1. Staða Auðsholts- og Hvalsbrúnarmála.

Lögð fram greinargerð Andra Árnasonar hrl. í eignarnámsmálinu “Ölfushreppur gegn eigendum Hvalsbrúnar.”

Einnig lagt fram bréf Héraðsdóms Suðurlands, dags. 3. júlí 1996, þar sem tilkynnt er um dómkvaðningu yfirmatsmanna í máli eigenda Auðsholts gegn Sorpstöð Suðurlands.

Málin rædd en niðurstaðna er að vænta á næstu mánuðum.

2. Staða fjármála og viðskipta.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði og greindi, ásamt verkstjóra, frá rekstri síðustu mánaða. Keyptur hefur verið Nissan pallbíll sbr. eldri samþykkt.

Jarðýta stöðvarinnar er talin ónýtt og heimilaði stjórn stöðvarinnar að hún yrði seld á hrakviðri. Fram kom að afleysingastarfsmaður var ráðinn í júlí og ágúst vegna sumarleyfa.

3. Önnur mál.

a. Rætt um kostnað við urðun seyru.

Samþykkt að setja gjaldskrá vegna móttöku hennar fyrir næsta ár.

Fundi slitið kl. 11.30.

Að loknum fundi voru framkvæmdir á sorpurðunarsvæði skoðaðar.

Karl Björnsson.

Guðmundur Hermannsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Arnar Árnason.

Þorvarður Hjaltason.